



Félag atvinnurekenda
b.t.Ólafs Stephensen, framkvæmdastjóra
Kringlunni Hús Verslunarinnar
103 Reykjavík

Reykjavík, 13. nóvember 2014
Tilvísun. nr.: 201411-0021

Efni: Svar vegna fyrirspurnar um túlkun á fríverslunarsamningi Íslands og Kína

Vísað er til erindis yðar dagsett 6. nóvember 2014 þar sem spurt er um túlkun á fríverslunarsamningi Íslands og Kína, sérstaklega með tilliti til ákvæða 33. greinar samningsins um beinan flutning.

Gera verður greinarmun á almennum vörusendingum og svokölluðum smásendingum. Almennt þarf að sanna uppruna vöru annaðhvort með upprunavottorði eða upprunayfirlýsingu sbr. 35. gr. samningsins.

Sendingar upprunavara sem fara ekki yfir 600 bandaríkjadalí að verðgildi:

Í fríverslunarsamningi Íslands og Kína er heimildarákvæði til að falla frá framlagningu formlegrar upprunasönnunar fyrir smásendingar undir 600 USD að verðmæti enda liggi fyrir að um kínverska upprunavöru sé að ræða og ekki sé um raðtengdar sendingar að ræða. Íslensk stjórnvöld ákváðu að nýta umrædda heimild til að auðvelda almenningi að njóta þess ávinnings sem samningurinn býður uppá. Þrátt fyrir að þarna sé fallið frá skilyrði um framlagningu formlegrar upprunasönnunar þá gilda önnur ákvæði samningsins um þessar sendingar eins og aðrar. Þar er aðallega verið að vísa til 33.gr. samningsins um beinan flutning sem kveður m.a. á um að vara sé flutt á milli samningslandanna (Íslands og Kína) undir tollefirliti þegar flutningarnir fara um þriðju ríki. Alþjóðlegar póstsendingar teljast t.d. vera undir tollefirliti þar til afhending er heimiluð. Vinnureglan hefur því verið sú að þessu skilyrði hefur talist fullnægt ef viðkomandi smásending ber með sér að hafa verið flutt með pósti frá Kína, óháð því að hún fari í gegnum nokkur önnur lönd á leiðinni. Í slíkum tilfellum hefur smásendingin fengið fríðindameðferð samkvæmt Kínasamningnum. Almennt má sjá á viðtökunúmeri póstsendinga frá hvaða landi varan er send og eins hefur pósturinn aðgang að slíkum upplýsingum í sínum kerfum. Nokkur mál hafa komið upp þar sem vörusendingar pantaðar í gegnum kínverskar póstverslanir en sendar til Íslands frá öðrum löndum, t.d. Hollandi, Sviss, Singapore o.s.frv., án þess að fram komi að umrædd smásending hafi lagt af stað frá Kína og verið flutt þaðan til viðkomandi þriðja lands undir tollefirliti. Í slíkum tilfellum, þar sem ekki liggur fyrir að ákvæðum um beinan flutning hafi verið fullnægt og móttakandi/innflytjandi hefur ekki getað fært fram sönnur á að svo sé hefur fríðindameðferð verið hafnað enda skilyrði samningsins ekki talin uppfyllt. Ef innflytjandi getur lagt fram einhverjar þær upplýsingar sem sýna að varan hafi verið flutt undir tollefirliti (á t.d. við um póstsendingar á milli landa) þá hefur fríðindameðferðin verið veitt. Þessi vinnureglar er byggð



á 3.mgr. 33.gr. sammingsins á milli Íslands og Kína en þar segir að innflytjandi þurfi að sýna fram á að ákvæði greinarinnar hafi verið uppfyllt.

Tollstjóri hefur bent þeim aðilum sem panta slíkar sendingar frá Kína og fá þær sendar frá öðru landi að hafa samband við seljenda og/eða flutningsaðila til að óska eftir að fá upplýsingar um heildarflutninginn frá Kína. Dæmi eru um að hægt sé að nálgast slíkar upplýsingar í gegnum ferilkerfi flutningsaðila á netinu með því að slá inn viðtökunúmeri sendingar í viðkomandi „tracking“ kerfi.

Einnig er rétt að fram komi að þessi skilyrði (um beinan flutning) eiga aðeins við þegar fríðindameðferð í formi niðurfellingar tolla á við. Flestar vörur, aðrar en landbúnaðarvörur, vefnaðarvörur og skófatnaður eru tollfrjálsar á Íslandi og þannig getur litið út fyrir að um mismunandi meðferð/kröfur til innflytjenda smásendinga sé að ræða af þeim sökum en svo er ekki.

Í nýlegri frétt MBL kom fram að innflytjandi hafi fengið þær upplýsingar hjá tollinum að ekki bæri að greiða toll af upprunavöru frá Kína þótt sendingunni hafi verið umskipað í Hollandi. Það er rétt að umskipun í þriðja ríki hefur alls ekki sjálfkrafa í för með sér að vara geti ekki fengið fríðindameðferð, en það sem líklega vantar úr tilvitnuðu svari embættisins er að viðkomandi sending þarf að hafa lagt af stað frá Kína og verið undir tollefirliti á leiðinni til Íslands.

Aðrar sendingar upprunavöru:

Hvað almennar vörusendingar varðar með tilliti til ákvæða 33.gr. um beinan flutning, þá er embættinu ekki kunnugt um að óvissa ríki um túlkun við innflutning og tollafgreiðslu á Íslandi. Hjá embættinu hefur vinnureglan verið sú að ákvæði um beinan flutning, sbr. 2.mgr. 33.gr., hafa talist vera uppfyllt liggi fyrir farmbréf sem sýna flutning vöru frá útflutningshöfn í Kína til umflutningshafnar í þriðja landi og svo flutning sömu vöru þaðan til Íslands (almennt er um tvö farmbréf að ræða).

Ekki hafa komið upp tilfelli við innflutning almennra vörusendinga frá Kína þar sem embættið hefur farið fram á að sérstökum skjölum frá tollyfirvöldum umflutningslanda sé framvísað til að tryggja að ákvæðunum um beinan flutning hafi verið fylgt. Þó skal tekið fram að skýrar heimildir til slíks er að finna í 3.mgr. 33.gr. og vitanlega gæti komið til slíks ef efni stæðu til. Embættið kannast heldur ekki við nein dæmi þess að hafa hafnað framlögðum skjölum um beinan flutning vegna almennra vörusendinga. Hafi Félag atvinnurekenda upplýsingar um að fríðindameðferð almennra vörusendinga hafi verið hafnað á grundvelli þess að skilyrði 33.gr. um beinan flutning hafi ekki verið uppfyllt þá mundi embætti Tollstjóra hafa áhuga á að skoða slík mál sérstaklega.

Virðingarfyllst,
F. h. tollstjóra

Jóhann Freyr Aðalsteinsson

Lögfræðideild, tollasvið